

Stjórnarfundur í Geðhjálp 29.10.20 kl. 16:30

Mætt: Héðinn Unnsteinsson, Sigríður Gísladóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Hlynur Jónasson, Einar Kvaran og Halldór Auðar Svansson sem ritaði fundargerð. Jafnframt sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað þau Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Silja Björk Björnsdóttir og Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir

Einnig: Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. Fundargerð frá 17.09.2020

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta fundar.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra (GA)

Framkvæmdastjóri leggur fram skýrslu um starfið frá síðasta stjórnarfundum.

3. Málþing 19. nóvember (SG)

Sigríður Gísladóttir rekur dagskrá málþings á vegum Geðhjálpar og Geðverndarfélagss Íslands um börn foreldra með geðrænan vanda sem haldið verður þann 19. nóvember. Sökum sóttvarnaaðgerða verður málþingið sent út rafrænt eingöngu.

4. 39 herferðin (HU)

Formaður rekur gengi 39-herferðarinnar. Í dag hafa tæplega 29 þúsund skrifað undir áskorun Geðhjálpar í tengslum við herferðina.

Rætt um hvenær væri réttast að loka herferðinni formlega. Stjórn samþykkir að setja endapunktinn um eða rétt eftir helgina 7. - 8. nóvember. Framkvæmdastjóra er falin útfærsla á lokum herferðarinnar og eftirfylgd.

Rætt um hvernig 29 áhersluatriði Geðhjálpar ríma við herferðina, hvaða atriði væri best að tengja við hana. Stjórn samþykkir að fela Héðni Unnsteinssyni, Sigríði Gísladóttur, Halldóri Auðar Svanssoni og Elínu Ebbu Ásmundsdóttur að velja atriði úr og leggja tillögu að áhersluatriðum fyrir stjórnina til samþykktar milli funda.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri minnir á hugleiðslufundina á þriðjudögum sem núna eru haldnir í gegnum Zoom. Framkvæmdastjóri minnir jafnframt á málþingið um stráka sem rekast á í skólakerfinu sem haldið verður 5. nóvember.

Hlynur Jónasson viðurar mikilvægi þess að ræða geðheilbrigði í tengslum við vaxandi atvinnuleysi sem og geðheilbrigði á vinnustöðum á Covid-tímum. Formaður leggur til að framkvæmdastjóra verði falið að vinna drög að ályktun Geðhjálpur um þessi mál. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:42

Hlynur Jónasson
Stellur Jónasson
Ólafur Guðmundsson
Einar Einarsson
Sigríður Geirsdóttir
Katrín T. Gunnarsson